



Fjárlaganefnd Alþingis
Formaður, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og nefndarmenn.

Efni: Stuðningur við Borgarleikhúsið vegna sóttvarnaraðgerða

Reykjavík, 12. desember 2021

Kæri formaður fjárlaganefndar, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, kærur nefndarmenn,

Afleiðingar Covid-19 faraldursins hafa komið harkalega niður á Borgarleikhúsinu. Í tuttugu mánuði hafa stjórnendur reynt eftir megni að bregðast við og hagrætt í rekstri með tilheyrandi uppsögunum, frestun sýninga og fækkun verkefna. Engu að síður nemur uppsafnað tap síðustu þungu mánaða 80 m.kr. sem rekja má beint til íþyngjandi stjórnvaldsaðgerða vegna heimsfaraldurs.

Í upphafi leikárs þurfti enn og aftur að raska sýningarhaldi þegar ljóst var að ný bylgja væri skollin á og Borgarleikhúsinu var óheimilt, skv. reglugerð, að fullnýta sæti og girt var fyrir veitingasölu. Síðan hefur verið slakað og hert á víxl og við haft okkur öll við að sigla áfram af krafti. Eftir nýjustu breytingar á sóttvarnaraðgerðum þurfa allir leikhúsgestir, sex ára og eldri, að framvísa neikvæðu hraðprófi. Með því gefst leikhúsinu tækifæri til að fullnýta sæti en ennþá er veitingasala takmörkuð. Þessu fyrirkomulagi fylgir mikill kostnaður en það kallar m.a á tíu auka starfsmenn á hverju sýningarkvöldi og tvöfaldri vakt um helgar þegar einnig eru dagsýningar. Tekjutap frá ágúst 2021 er nú um 50 m.kr en gert er ráð fyrir að kostnaður vegna skönnunar hraðprófa nemi 30 m.kr á þessu leikári.

Rekstraraðili Borgarleikhússins er eitt elsta menningarfélag landsins, Leikfélag Reykjavíkur, sem fagnar 125 árum í janúar 2022. Félagið er sjálfseignarstofnun með eigin ábyrgð á rekstrinum en í venjulegu árferði tryggir Reykjavíkurborg rekstrargrundvöll hússins með sérstökum rekstrarsamningi. Athygli er vakin á því að LR er ekki á framfæri borgarinnar og starfsmenn Borgarleikhússins ekki borgarstarfsmenn.

Tekjustraumar félagsins eru tveir; um 40% eru í formi framlags frá Reykjavíkurborg en 60% tekna er sjálfsaflafé (frá miða- og veitingasölu). Hlutur sjálfsaflafjár af heildartekjum á sér engan líkan hjá menningarstofnunum sem félagið ber sig saman við, hvorki hér né í nágrennlöndunum. Til samanburðar má benda á að hlutur sjálfsaflafjár Þjóðleikhússins er 23% og er sú stofnun á framfæri ríkisins, með um tvöfalt hærri opinbera styrki en Borgarleikhúsið en þó minna umfang og minni framleiðslu. Aðstöðumunur stofnananna tveggja er sláandi en þó er ætlast til að við séum samkeppnishæf.

Við förum þess á leit við Fjárlaganefnd Alþingis að Leikfélagi Reykjavíkur verði tryggður stuðningur vegna heimsfaraldurs Covid-19 með því að veita félaginu 50 milljón króna styrk til að mæta því tekjutapi og þeim kostnaði sem félagið hefur orðið fyrir á árinu 2021.

Borgarleikhúsið býr að því að vera með vinsælar hágæðasýningar í boði, sem almenningur vill koma að sjá. Við höfum unnið hörðum höndum og listræna uppskeran er ríkuleg. Það sem Borgarleikhúsið þarf nú er stuðningur til að áhrifa heimsfaraldurs gæti ekki lengur en þörf krefur, landsmönnum öllum til gleði og heilla.

Með vinsemd og virðingu,
Leikfélag Reykjavíkur ses

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri